



## FUNDARGERÐ SKÓLARÁÐS FJÖLBRAUTASKÓLANS Í GARÐABÆ 3. FUNDUR Á VORÖNN 2016 MIÐVIKUDAGINN 10. FEBRÚAR KL.13:15

### 1. Bréf o.fl. erindi.

#### A. Umsóknir um leyfi: (sjá minnisblað)

Afgreiðsla umsókna um leyfi verður send á netfang viðkomandi nemenda.

Skólaráð ítrekar að leyfi eru ekki gefin vegna ferða nema um sé að ræða keppnisferðir á vegum íþróttafélaga og/eða námsferða en bendir á að leyfi eru veitt í annarlok svo fremi sem skólasókn er að öðru leyti góð. Skólaráð ítrekar að leyfin eiga við um mætingu en ábyrgðin á náminu og skilaverkefnum er hjá nemandanum.

#### B. Önnur bréf

- Staðfesting skólameistara á undanþágu í stærðfræði og stærðfræðitengdum áföngum (sjá minnisblað)
- Tveir nemendur segja sig frá námi (sjá minnisblað)

### 2. Félagslíf og fjármál NFFG

Skipulag árshátíðar NFFG er komið á lokastig. Tilboðspakki (árshátíð, matur og söngleikur) mun kosta 7.900.-. Miðaverð á árshátíð verður 3500 kr fyrir meðlimi NFFG, 4500 fyrir aðra. Skv. upplýsingum frá lögreglu mun ballíð standa til kl.02:00.

Skíðaferð verður 2.-4.mars.

Söngkeppni framhaldsskólanna verður væntanlega á Akureyri. Undankeppni verður og verður dæmt út frá tónlistarmyndböndum. Dagsetning er ekki staðfest.

Umgengni í mötuneyti nemenda hefur verið mjög slæm. Ákveðið hefur verið að loka mötuneytinu fimmtudag og föstudag til að fá nemendur til að skilja að umgengni skiptir máli. Skólaráð kallar eftir hugmyndum um bættu umgengni og þá umleið aukna virðingu fyrir skólanum og samnemendum.

### 3. Önnur mál

Bilun sem varð á þráðlausa netinu má rekja til mikils álags. Búið er að gera ráðstafanir til að þetta endurtaki sig ekki.

#### Fundinn sátu:

Anna Guðrún Hugadóttir náms- og starfsráðgjafi  
Bjarni Snæbjörnsson fulltrúi kennara  
Elísabet Siemsen aðstoðarskólameistari og fundarritari  
Guðmundur Stefán Gíslason verkefnastjóri  
Hrannar Ingi Benediktsson fulltrúi nemenda  
Kristinn Þorsteinsson skólameistari

Páll Maris Pálsson forseti NFFG  
Snjólaug Elín Bjarnadóttir áfangastjóri  
Snædís Snæbjörnsdóttir fulltrúi kennara  
Tinna Ösp Arnardóttir félagsmálafulltrúi  
Unnur Símonardóttir náms- og starfsráðgjafi